



Sigurður Magnússon  
Helguvík  
225 Álftanesi

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8200 bréfasími: 562 1702  
postur@sam.stjr.is www.stjr.is/sam

Reykjavík 2. febrúar 2010  
Tilv.: SAM10010050/6.1.2.4

Ráðuneytinu hefur borist stjórnsýslukæra yðar og Kristínar Fjólu Bergþórsdóttur. Í kærinni kemur fram að þér teljið að tveir af þremur nefndarmönnum Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga séu vanhæfir til þess að fjalla um málefni sveitarfélagsins Álftaness þegar kemur að hugmyndum um að sameina sveitarfélagið öðru sveitarfélagi.

Ráðuneytið telur að nokkurs misskilnings gæti í erindi yðar og mun nú leitast við að upplýsa yður um staðreyndir málsins.

Í þeim samningi sem Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og sveitarfélagið Álftanes gerðu í tilefni að fjárhagsstöðu sveitarfélagsins skuldbindur sveitarstjórn sig til þess að hefja þegar viðræður við önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu.

Í samningnum skuldbindur sveitarstjórn Álftaness sig til þess, eins og fyrir segir að hefja viðræður við önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu. Ekki er gert ráð fyrir því að Eftirlitsnefndin fjalli á sjálfstæðan hátt um hugsanlega sameiningu Álftaness við annað sveitarfélag, eða hafi einhverja aðkomu að því máli. Því síður er gert ráð fyrir því að einstakir nefndarmenn eða nefndin í heild komi að ákvarðanatöku varðandi sameiningarmál á Álftanesi.

Ráðuneytið telur hins vegar rétt á grundvelli 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að gefa yður kost á að tjá yður um framangreinda afstöðu ráðuneytisins áður en erindi yðar er tekið til frekari meðferðar. Hafið þér í hyggju að leggja fram andmæli skulu þau hafa borist ráðuneytinu innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa eða eigi síðar en **16. febrúar nk.**

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Brynjólfur Hjartarson